

Svar

viðskiptaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um tjónaskuldir (bótasjóði) váttryggingafélaga.

Viðskiptaráðuneytið óskaði eftir umbeðnum upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu þar sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með váttryggingafélögum og þar á meðal váttryggingaskuldinni, sbr. lög um váttryggingastarfsemi og lög um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Svör Fjármálaeftirlitsins koma hér á eftir.

1. *Hver var staða tjónaskuldar (bótasjóða) váttryggingafélaganna árin 2000, 2001 og 2002 og hvernig hefur tjónaskuldin samsvarað úppgerðum heildarskuldbindingum félaganna árlega frá 1995?*

Svarið við fyrri hluta þessa liðar fyrirspurnarinnar byggist á gögnum frá öllum starfandi váttryggingafélögum. Á þessum árstíma eru váttryggingafélög almennt ekki búin að gera upp tjónaskuld sína við síðustu áramót, og því er tjónaskuldin 2002 miðuð við níu mánaða uppgjör stóru hlutfélaganna þriggja sem skráð eru á verðbréfamarkaði (Sjóvár – Almennra trygginga hf., Váttryggingafélags Íslands hf. og Tryggingamiðstöðvarinnar hf.), auk þess að gert er ráð fyrir að tjónaskuld minni váttryggingafélaganna haldist óbreytt.

Samtals tjónaskuld váttryggingafélaga er eftirfarandi í árslok 2000 og 2001 og miðað við áætlun 2002 í millj. kr.

	Tjónaskuld	Eigin tjónaskuld
2000	33.291	28.673
2001	35.683	32.290
2002	37.382	34.010

Svar við síðari hluta þessa liðar fyrirspurnarinnar byggist á gögnum frá nefndum félögum auk gagna frá Tryggingu hf., sem var fyrir sameiningu við Tryggingamiðstöðina árið 1999 fjórða stærsta váttryggingafélagið. Að mati Fjármálaeftirlitsins var ekki ástæða til að aldursgreina tjón minni félaganna, þar sem þau hefðu haft lítil áhrif á niðurstöðuna.

Í töflunni hér að neðan sést hvernig mat á úppgerðum tjónum hefur þróast árlega frá 1995. Til nánari skýringar má til dæmis nefna árið 1995. Tjónaskuldin 20,2 milljarðar kr. í lok þess árs lýsir mati váttryggingafélaga á heildarskuldbindingum vegna úppgerðra tjóna sem áttu sér stað árið 1995 eða fyrir. Í dálkinum fyrir 1996 sést hvernig matið á sömu tjónum hefur þróast á milli árunna 1995 og 1996. Greitt hefur verið vegna sumra þessara tjóna, en það sem er enn talið úppgert vegna þessa tímabils er áfram í tjónaskuld. Í árslok 2001 hafa samtals verið greiddir 10,8 milljarðar kr. vegna tjóna sem áttu sér stað fyrir árslok 1995, en tjónaskuldin er 2,3 milljarðar kr. vegna sömu tjóna. Samtals hefur því matið lækkað niður í 13,1 milljarða kr.

Reikningsár	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
<i>Tjón fyrir árslok:</i>							
1995	20.249	17.578	16.665	15.239	13.686	13.141	13.096
1996		21.964	20.314	18.132	16.558	15.333	15.354
1997			24.281	19.927	18.148	16.896	16.347
1998				25.162	21.820	20.986	20.490
1999					26.793	24.193	24.236
2000						31.388	29.814
2001							32.586

Í næstu töflu er sama niðurstaða sýnd í hlutfalli af upphaflegu mati.

Reikningsár	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001
<i>Tjón fyrir árslok:</i>							
1995	100%	87%	82%	75%	68%	65%	65%
1996		100%	92%	83%	75%	70%	70%
1997			100%	82%	75%	70%	67%
1998				100%	87%	83%	81%
1999					100%	90%	90%
2000						100%	95%
2001							100%

2. *Telur Fjármálaeftirlitið að tilefni sé til lækkunar á lögboðnum bifreiðatryggingum í ljósi afkomu tryggingafélaganna og stöðu bótasjóða?*

Hingað til hefur Fjármálaeftirlitið ekki haft forsendur til að gera kröfu um að iðgjöld verði lækkuð í ljósi afkomu eða stöðu váttryggingaskuldar. Iðgjaldaákvæðanir í váttryggingum eru á ábyrgð viðkomandi váttryggingafélaga. Á þeim hvílir skylda til að taka forsendur iðgjaldaákvæðana sinna reglulega til endurskoðunar, til lækkunar eða hækkunar, í ljósi fenginnar reynslu. Jafnframt gerir Fjármálaeftirlitið kröfu til þess að hvert váttryggingafélag rökstyðji verulegar iðgjaldahækkunir fyrir viðskiptamönnum eða almenningi, með vísan til fyrri reynslu af iðgjöldum og tjónakostnaði, auk almennrar fjárhagsstöðu félaganna.

Iðgjaldagrundvöllur og váttryggingaskuld einstakra váttryggingafélaga í lögboðnum ökutækjatryggingum er til skoðunar hjá Fjármálaeftirlitinu og verða niðurstöður þeirra athugana kynntar hverju félagi fyrir sig á næstu vikum og mánuðum.

3. *Er það mat Fjármálaeftirlitsins að framlög hafi verið eðlileg í bótasjóðina með tilliti til áætlaðra tjónaskuldbindinga?*

Eðlilegt er að váttryggingafélög meti tjónaskuld af varfærni þannig að mat tjóna lækki heldur en hækki frá upphaflegu mati í ljósi reynslunnar. Þess má geta að í greinargerð sinni vegna athugunar á iðgjaldahækkunum í lögboðnum ökutækjatryggingum frá 31. ágúst 1999 komst Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að búast mætti við að rúmlega 2 milljarðar kr. mundu losna úr tjónaskuld vegna tjóna frá 1996 og eldri þegar öll kurl yrðu komin til grafar. Hins vegar mun Fjármálaeftirlitið ekki tjá sig um hvort tjón hafi almennt verið of- eða vanmetin við mat á óuppperðum tjónafjárhæðum.

Vátryggingaskuld einstakra vátryggingafélaga í lögboðnum ökutækjatrýggingum og eignatrýggingum er til skoðunar hjá Fjármálaeftirlitinu og verða niðurstöður þeirra athugana kynntar þeim á næstu vikum og mánuðum.

4. *Hve mikil framlög í sjóðina hafa losnað úr tjónaskuld árlega sl. fimm ár?*

Hér er upphæðin sem losnar úr tjónaskuld reiknuð þannig að greidd tjón ársins og tjónaskuld í lok ársins, að frádregnum upphæðum vegna tjóna sem áttu sér stað á reikningsárinu, eru dregnar frá tjónaskuld í upphafi ársins. Þannig sést um hve háa upphæð hægt var að lækka tjónaskuld frá árinu áður, í ljósi reynslu reikningsársins af þeim tjónum sem þá voru óuppperð. Niðurstöður fyrir samtölur Sjóvár – Almennra trygginga hf., Vátryggingafélags Íslands hf., Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og Tryggingar hf. má sjá í eftirfarandi töflu í millj. kr.

Reikningsár	Lækkun mats frá árinu áður
1997	2.766
1998	4.139
1999	4.553
2000	2.560
2001	584

5. *Telur Fjármálaeftirlitið að eðlilega sé staðið að ávöxtun og áhættudreifingu bótasjóðanna? Er ástæða til að breyta þeim reglum sem unnið er eftir um ákvörðun tjónaskuldar, ávöxtun eða áhættudreifingu?*

Í gildi er reglugerð nr. 646 frá árinu 1995 um jöfnun eigna móti vátryggingaskuld vátryggingafélaga og Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með að reglugerðinni sé framfylgt. Að mati Fjármálaeftirlitsins gefur reynslan ekki ástæðu til endurskoðunar á henni.

Samkvæmt 54. gr. laga nr. 60/1994, um vátryggingastarfsemi, getur Fjármálaeftirlitið sett almennar reglur um mat á vátryggingaskuldinni. Í gildi eru reglur nr. 85/1999 um hámark útjöfnunarskuldar vátryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga og útreikning þess. Fjármálaeftirlitið vinnur nú að því að setja sambærilegar reglur um hámark og lágmark tjónaskuldar.